

2009:11 • 7. desember 2009

## Landsframleiðslan á 3. ársfjórðungi 2009

Quarterly national accounts, 3rd quarter 2009

*Samantekt* Landsframleiðsla er talin hafa dregist saman um 5,7% að raungildi frá 2. ársfjórðungi 2009 til 3. ársfjórðungs 2009. Á sama tíma drógust þjóðarútgjöld saman um 2,1%. Samneysla dróst saman um 4,5% og fjárfesting um 7,3% en einkaneysla jókst um 2,8%. Þá er talið að útflutningur hafi aukist um 1,3% og innflutningur um 12,9%. Þessar tölur eru árstíðaleiðréttar og miðast við vöxtinn milli ársfjórðunga, ekki ára. Samanburður við 3. ársfjórðung 2008, á landsframleiðslu án árstíðaleiðréttingar, sýnir samdrátt sem nemur 7,2% á 3. fjórðungi yfirstandandi árs.

Landsframleiðslan fyrstu níu mánuði ársins 2009 er talin hafa dregist saman um 6,0% að raungildi samanborið við fyrstu níu mánuði ársins 2008.

Tafla 1. Yfirlitstafla

Table 1. Overview

	Verðlag ársins Millj. kr. Current prices Million ISK	Magnbreyting frá fyrra ári, % Volume change from previous year, %		Magnbreyting frá fyrra ársfj., % <sup>1</sup> Volume change from previous quarter, % <sup>1</sup>	
		1.-3. ársfj.		2. ársfj.	
		3. ársfj.	1 <sup>st</sup> -3 <sup>rd</sup>	2. ársfj.	3. ársfj.
		3 <sup>rd</sup> quarter	3 <sup>rd</sup> quarter	quarter	2 <sup>nd</sup> quarter
Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	196.896	-13,0	-18,6	-1,0	2,8
Samneysla <i>Government final consumption</i>	98.906	-1,4	0,7	0,8	-4,5
Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	60.280	-48,4	-49,6	-2,5	-7,3
Birgðabreytingar <sup>2</sup> <i>Changes in inventories<sup>2</sup></i>	-4.265	-4,8	...	...	...
<b>Þjóðarútgjöld alls</b> <b>Gross domestic final expenditure</b>	<b>351.818</b>	<b>-22,4</b>	<b>-21,3</b>	<b>-4,2</b>	<b>-2,1</b>
Útflutningur vöru og þjónustu <i>Exports of goods and services</i>	222.786	8,2	2,4	1,9	1,3
Innflutningur vöru og þjónustu <i>Imports of goods and services</i>	-187.578	-24,8	-31,4	-6,9	12,9
<b>Verg landsframleiðsla GDP</b>	<b>387.025</b>	<b>-7,2</b>	<b>-6,0</b>	<b>-0,4</b>	<b>-5,7</b>


<sup>1</sup> Árstíðaleiðrétt. *Seasonally adjusted.*

<sup>2</sup> Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*



### Mynd 1. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu, árstíðaleiðrétt

Figure 1. Quarterly GDP volume growth, seasonally adjusted



**Skýring** Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2007–2009. Raunbreytingar frá fyrri ársfjórðungi. Preliminary figures 2007–2009. Change from the previous quarter.

#### Vöxtur í einkaneyslu

Einkaneysla (árstíðaleiðrétt) er talin hafa vaxið um 2,8% frá 2. ársfjórðungi til 3. ársfjórðungs í ár. Sé miðað við sama ársfjórðung árið áður dróst óárstíðaleiðrétt einkaneysla saman um 13%, umtalsvert minna en á milli 2. ársfjórðungs 2009 og 2008, en þá nam samdrátturinn 19,3%.

#### Samdráttur í fjárfestingu

Fjárfesting (árstíðaleiðrétt) dróst saman á 3. ársfjórðungi samanborið við tímabilið á undan og nemur lækkunin 7,3%. Fjárfesting atvinnuveganna jókst lítillega, um 0,5% sem og fjárfesting hins opinbera um 2,8% en 32,4% samdráttur var í íbúðafjárfestingu. Óárstíðaleiðréttar tölur sýna 48,4% samdrátt fjárfestingar á 3. ársfjórðungi miðað við sama ársfjórðung árið áður.

#### Samdráttur í samneyslu og þjódarútgjöldum

Samneysla (árstíðaleiðrétt) er talin hafa dregist saman um 4,5% frá 2. til 3. ársfjórðungs 2009. Samdráttur í fjárfestingu, samneyslu og birgðum valda því að þjódarútgjöld (árstíðaleiðrétt) eru að þessu sinni talin hafa dregist saman um 2,1% milli ársfjórðunga þrátt fyrir vöxt einkaneyslu. Óárstíðaleiðréttar tölur fyrir ársfjórðunginn júlí til september sýna 1,4% samdrátt samneyslunnar frá sama tímabili árið áður og samdrátt þjódarútgjalda upp á 22,4%.

#### Útflutningur og innflutningur aukast

Útflutningur (árstíðaleiðréttur) jókst um 1,3% milli 2. og 3. fjórðungs 2009 en þar hafði 1,8% aukning á vöruútflutningi meiri áhrif en 0,2% aukning á þjónustuútflutningi. Innflutningur (árstíðaleiðréttur) jókst um 12,9%, frá fyrri ársfjórðungi en þjónustuinnflutningur jókst um 9,1% og vöruinnflutningur um 15,2%. Samanborið við sama tímabil fyrra árs er hins vegar um 24,8% samdrátt að ræða í innflutningi og 8,2% aukningu útflutnings miðað við óárstíðaleiðréttar tölur.


#### Ný gögn um þjónustuviðskipti við útlönd

Frá og með 1. ársfjórðungi 2009 eru tölur um þjónustuviðskipti við útlönd byggðar á gögnum sem Hagstofa Íslands hefur safnað. Í upphafi var að því stefnt að gagnasöfnunin, sem nú byggir á beinum fyrirspurnum til fyrirtækja, yrði um einhvern tíma framkvæmd samhliða gagnasöfnun Seðlabankans, sem að mestu byggði á upplýsingum um gjaldeyrisviðskipti fyrirtækja sem fram fara í gegnum íslenska banka. Breytingar á gjaldeyrismarkaði í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 leiddu til erfiðleika Seðlabankans við mat á þjónustuviðskiptunum og því var gripið til þess ráðs að Hagstofan tæki yfir gagnasöfnunina og birti niðurstöður um

þjónustuviðskipti við útlönd fyrr en áður var áætlað. Að sinni er ekki hægt að leggja mat á samanburðarhæfni gagnanna fyrir árið 2009 við eldri tölur þar sem gagnasöfnun þessara tveggja aðila gat ekki farið fram samhliða, auk þess sem aðferðirnar eru að einhverju leyti frábrugðnar.

## Mynd 2. Landsframleiðsla, breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs

Figure 2. GDP, volume changes on same quarter in the previous year




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2007–2009. Preliminary figures 2007–2009.

### Afgangur á vöru- og þjónustuviðskiptum

Áfram er afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd en að þessu sinni er vöxtur frá fyrri fjórðungi umtalsvert meiri í innflutningi en í útflutningi sem leiðir til samdráttar í afgangnum miðað við fyrri fjórðung. Þessi breyting hefur þau áhrif að samdráttur landsframleiðslu (árstíðaleiðréttrar) er meiri en sem nemur samdrætti þjóðarútgjalda, eða 5,7% samanborið við 2,1%.

## Mynd 3. Hlutdeild í hagvexti, prósentustig

Figure 3. Contributions to growth, % points



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2007–2009. Breyting frá fyrri ársfjórðungi, árstíðaleiðrétt. Preliminary figures 2007–2009. Change from previous quarter, seasonally adjusted.

**Birgðabreytingar**

Birgðaskýrslur Hagstofunnar sýna að á 3. ársfjórðungi hafa birgðir sjávarafurða minnkað um 1,4 milljarða króna á verðlagi ársins. Sú birgðaminnkun ásamt útflutningi ársins sýnir framleiðslubreytingar sem falla vel að aflabreytingum. Birgðir fullunnins áls eru taldar hafa nánast staðið í stað og sama máli gegnir um rekstrarvörur til álframleiðslu. Aðrar birgðir eru taldar hafa minnkað nokkuð.


Þegar tölur fyrir 2. ársfjórðung voru birtar var nokkur óvissa um innflutning og birgðabreytingar á rekstrarvörum til álframleiðslu, en tafir á skýrsluskilum ollu því að innflutningur á 1. og 2. ársfjórðungi var vantallinn. Til þess að ofmeta ekki hagvöxt á þeim tíma var gripið til þess ráðs að leiðrétta þetta vanmat með því að minnka birgðir rekstrarvara fremur en að breyta birtum tölum um innflutning. Þessi vantallning á innfluttum rekstrarvörum á 1. og 2. fjórðungi hefur nú verið leiðrétt og birgðum breytt til samræmis.

**Alþjóðlegur samanburður**

Við samanburð á nokkrum helstu viðskiptaríkjum okkar virðist sem hagþróun þar sé heldur farin snúast til betri vegar á 3. ársfjórðungi. Árstíðaleiðréttar tölur sýna þannig 0,9% hagvöxt í Noregi samanborið við 2. ársfjórðung, 0,7% í Bandaríkjunum og 0,3% í 15 kjarnaríkjum Evrópusambandsins. Í Japan og Svíþjóð mælist einnig vöxtur, 1,2% og 0,2% en þessi lönd sýndu þó einnig vöxt á 2. ársfjórðungi.

**Mynd 4. Ársfjórðungslegur hagvöxtur í nokkrum löndum**

Figure 4. Quarterly GDP volume growth in selected countries



**Skýring** Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2007–2009. Árstíðaleiðrétt, raunbreyting frá fyrra ársfjórðungi. Preliminary figures 2007–2009. Seasonally adjusted, change on the previous quarter.

**Heimild** Source: Efnahags- og framfarastofnunin. OECD.

**Samdráttur fyrstu níu mánuði ársins**

Landsframleiðslan fyrstu níu mánuði ársins 2009 nemur 1.111 milljörðum króna borið saman við 1.072 milljarða króna á sama tímabili árið áður. Að teknu tilliti til verðbreytinga dróst landsframleiðslan hins vegar saman um 6% að raungildi samanborið við fyrstu níu mánuði ársins 2008.

**Keðjutenging**

Árleg keðjutenging var tekin upp í þjóðhagsreikningum á Íslandi árið 2005 en í því felst að raunbreytingar þjóðhagsstærða eru reiknaðar á föstu verði næstliðins árs. Fyrir þann tíma var miðað við fast verð tiltekins árs (grunnárs) við útreikning á magnbreytingum. Kosturinn við keðjutengingu er sá að hún gefur nákvæmari mynd af breytingu á milli ára þar sem magnbreytingin er nú reiknuð sem breytingin á föstu verði fyrra árs í stað grunnárs. Ókostur eldri aðferðar er sá að notkun grunnárs veldur ónákvæmni því lengra sem líður á milli grunnársins og þess árs sem

verið er að reikna. Keðjutenging hefur aftur á móti þann ókost að samtölur stemma ekki við undirliði.

*FISIM (reiknuð bankaþjónusta)*

Í þjóðhagsreikningum er þjónusta bankakerfisins (FISIM) metin á tiltölulega flókinn hátt. Þessum aðferðum er meðal annars lýst í Hagtíðindum um landsframleiðsluna frá því í mars 2006. Ekki eru enn tiltæk mikilvæg gögn um lánastofn innlána og útlána frá og með 4. ársfjórðungi 2008 og er því byggt á lauslegum áætlunum. Líklegt er að mat á bankaþjónustu geti tekið talsverðum breytingum þegar tölur um lánastofninn liggja fyrir.

*Ítarleg sundurliðun er birt á vefnum*

Ítarlega sundurliðun á ársfjórðungsefningu er að finna á vef Hagstofunnar. Þar er fjárfesting eftir ársfjórðungum sundurliðuð í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðarhúsnæði og starfsemi hins opinbera. Útflutningi og innflutningi er skipt upp í vörur og þjónustu. Á vefnum er einnig að finna allar fjárhæðir á keðjutengdu verðmæti þar sem árið 2000 er viðmiðunarár.

*Árstíðaleiðrétting*

Árstíðaleiðréttingar eru gerðar í samræmi við ráðleggingar vinnuhóps á vegum Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) og Seðlabanka Evrópusambandsins. Árstíðaleiðrétting summuliða (eins og þjóðarútgjalda og landsframleiðslu) er gerð með því að tengja saman árstíðaleiðrétta undirliði en ekki með því að leiðrétta viðkomandi heildarniðurstöður. Birtar eru á vefnum árstíðaleiðréttar tölur fyrir alla undirliði landsframleiðslunnar.

*Tölur um 4. ársfjórðung 2009 verða birtar í mars 2010*

Tölur um landsframleiðsluna á 4. ársfjórðungi 2009 verða birtar með sambærilegum hætti í Hagtíðindum 5. mars 2010 ásamt fyrstu áætlunum fyrir allt árið 2009.

## English summary

In real terms, seasonally adjusted GDP in the 3<sup>rd</sup> quarter of 2009 decreased by 5.7% from the previous quarter. Government final consumption decreased by 4.5% while gross fixed capital formation fell by 7.3%. This decline was partly offset by a household final consumption increase of 2.8% but still resulted in a fall in total domestic expenditure by 2.1% in real terms. The effect of this decline in domestic expenditure was exacerbated by a decrease in trade surplus compared with the last quarter, causing a larger decline in GDP than in domestic expenditure. Exports rose by 1.3% while imports grew by 12.9% in the 3<sup>rd</sup> quarter.

In the first three quarters of the year GDP decreased, in real terms, by 6.0% compared with the same period of 2008.

At the time of publication of the results of 2<sup>nd</sup> quarter 2009 it was noted that delays in delivery of import declarations to the customs authorities had led to an underestimation of aluminium oxide imports. Rather than altering already published trade figures, but still avoiding overestimating GDP growth, inventory values were increased correspondingly. Now the trade figures have been corrected and subsequently, the inventory data.

National accounts for the 4<sup>th</sup> quarter of 2009 will be published on the 5<sup>th</sup> of March 2010 along with first estimates for the entire year 2009.

**Tafla 2. Landsframleiðsla eftir ársfjórðungum 2005–2009***Table 2. Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2005–2009*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Verðlag hvers árs, millj. kr.</b> <i>Million ISK at current prices</i>								
<b>2005</b>	<b>609.359</b>	<b>252.617</b>	<b>291.395</b>	<b>-862</b>	<b>1.152.509</b>	<b>325.510</b>	<b>-451.300</b>	<b>1.026.718</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	139.611	60.953	59.739	4.068	264.371	72.611	-95.460	241.521
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	155.707	63.073	68.428	-4.904	282.304	88.757	-116.062	254.999
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	152.341	64.403	82.377	2.093	301.214	88.494	-122.337	267.371
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	161.700	64.188	80.851	-2.119	304.620	75.648	-117.442	262.827
<b>2006</b>	<b>679.524</b>	<b>285.371</b>	<b>397.631</b>	<b>13.498</b>	<b>1.376.024</b>	<b>376.781</b>	<b>-584.622</b>	<b>1.168.183</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	160.440	68.829	87.004	3.686	319.959	78.335	-124.039	274.255
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	175.365	71.325	96.252	792	343.734	103.429	-157.082	290.080
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	167.332	72.102	101.737	6.765	347.936	104.646	-151.612	300.969
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	176.387	73.114	112.638	2.255	364.395	90.372	-151.889	302.878
<b>2007<sup>1</sup></b>	<b>750.984</b>	<b>316.828</b>	<b>366.553</b>	<b>6.626</b>	<b>1.440.992</b>	<b>453.349</b>	<b>-592.932</b>	<b>1.301.409</b>
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	170.276	77.398	80.741	1.546	329.961	110.048	-133.970	306.039
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	190.536	79.308	95.476	1.100	366.421	107.207	-148.994	324.634
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	188.647	79.432	104.599	4.089	376.767	107.187	-147.863	336.091
4. ársfj. <sup>1</sup> <i>4th quarter<sup>1</sup></i>	201.525	80.690	85.737	-109	367.843	128.907	-162.105	334.645
<b>2008<sup>1</sup></b>	<b>789.539</b>	<b>367.309</b>	<b>357.348</b>	<b>3.255</b>	<b>1.517.450</b>	<b>657.840</b>	<b>-698.827</b>	<b>1.476.463</b>
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	197.341	84.304	81.268	798	363.711	113.742	-151.201	326.253
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	206.805	90.317	85.644	-6.749	376.017	175.406	-187.033	364.391
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	197.382	92.549	97.977	14.860	402.769	176.394	-197.732	381.431
4. ársfj. <sup>1</sup> <i>4th quarter<sup>1</sup></i>	188.011	100.138	92.458	-5.654	374.953	192.297	-162.861	404.389
<b>2009<sup>1</sup></b>	...	...	...	...	...	...	...	...
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	181.663	98.744	50.271	11.505	342.183	152.946	-144.071	351.059
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	191.719	102.288	53.418	-132	347.293	184.640	-158.737	373.196
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	196.896	98.906	60.280	-4.265	351.818	222.786	-187.578	387.025

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 3. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2005–2009**

Table 3. Annual GDP volume growth 2005–2009

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <sup>1</sup> <i>Changes in Inventory<sup>1</sup></i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Raunbreytingar frá sama tímabili árið áður, %</b> <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>								
<b>2005</b>	<b>12,7</b>	<b>3,5</b>	<b>35,7</b>	<b>0,0</b>	<b>15,7</b>	<b>7,5</b>	<b>29,3</b>	<b>7,5</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	9,8	2,8	24,8	0,4	11,4	1,8	24,1	3,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	15,2	3,7	26,3	-1,8	13,3	22,4	27,4	10,5
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	13,8	3,3	49,0	2,4	22,1	4,0	34,3	10,2
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	11,8	4,4	40,6	-1,0	15,8	2,8	30,4	5,6
<b>2006</b>	<b>3,6</b>	<b>4,0</b>	<b>21,6</b>	<b>1,1</b>	<b>9,2</b>	<b>-4,6</b>	<b>10,4</b>	<b>4,3</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	11,1	4,2	41,3	-0,2	15,9	1,0	26,4	7,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,4	2,8	25,8	2,2	11,5	-6,3	12,5	4,8
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	-0,2	4,2	7,4	1,0	3,6	-5,8	0,2	2,1
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	-0,3	4,7	18,3	1,4	6,9	-6,5	6,0	3,7
<b>2007<sup>2</sup></b>	<b>5,6</b>	<b>4,1</b>	<b>-12,2</b>	<b>-0,6</b>	<b>-0,4</b>	<b>17,7</b>	<b>-0,7</b>	<b>5,6</b>
1. ársfj. <sup>2</sup> <i>1st quarter<sup>2</sup></i>	-1,4	2,1	-18,3	-0,9	-6,3	15,7	-8,7	1,7
2. ársfj. <sup>2</sup> <i>2nd quarter<sup>2</sup></i>	4,7	9,6	-3,3	0,1	3,3	6,4	-0,8	6,6
3. ársfj. <sup>2</sup> <i>3rd quarter<sup>2</sup></i>	9,5	0,5	1,1	-0,7	4,7	5,8	2,4	6,5
4. ársfj. <sup>2</sup> <i>4th quarter<sup>2</sup></i>	9,7	4,3	-27,0	-1,0	-3,4	46,6	4,1	7,3
<b>2008<sup>2</sup></b>	<b>-7,8</b>	<b>4,6</b>	<b>-20,4</b>	<b>-0,4</b>	<b>-8,6</b>	<b>7,1</b>	<b>-18,3</b>	<b>1,3</b>
1. ársfj. <sup>2</sup> <i>1st quarter<sup>2</sup></i>	7,9	6,3	-5,6	-0,3	4,0	-0,4	-0,7	4,5
2. ársfj. <sup>2</sup> <i>2nd quarter<sup>2</sup></i>	-4,6	1,1	-25,4	-1,9	-10,4	25,0	-10,2	1,3
3. ársfj. <sup>2</sup> <i>3rd quarter<sup>2</sup></i>	-10,0	5,4	-25,3	1,6	-9,7	18,3	-11,7	0,3
4. ársfj. <sup>2</sup> <i>4th quarter<sup>2</sup></i>	-22,4	5,7	-22,9	-1,0	-17,1	-11,0	-47,0	-0,5
<b>2009<sup>2</sup></b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>
1. ársfj. <sup>2</sup> <i>1st quarter<sup>2</sup></i>	-23,0	1,5	-52,8	3,3	-21,7	8,1	-34,7	-4,4
2. ársfj. <sup>2</sup> <i>2nd quarter<sup>2</sup></i>	-19,3	1,8	-47,6	1,8	-19,6	-7,7	-34,6	-6,2
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	-13,0	-1,4	-48,4	-4,8	-22,4	8,2	-24,8	-7,2

<sup>1</sup> Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu sama fjórðungs fyrra árs, keðjutengdu verðmæti, viðmiðunarár 2000. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP in the same quarter of the previous year, chain-volume measures, reference year 2000.*

<sup>2</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 4. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu 2005–2009, árstíðaleiðrétt**Table 4. *Seasonally adjusted quarterly volume growth in GDP 2005–2009*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Raunbreyting frá fyrra ársfjórðungi, %</b> <i>Percentage change on the previous quarter</i>							
<b>2005</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	3,0	3,5	2,2	4,4	5,3	9,7	2,5
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,9	1,5	8,6	1,5	3,3	8,4	-0,9
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,1	0,6	15,2	7,7	-4,5	7,8	3,3
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,5	-1,2	10,2	1,8	0,2	-0,6	2,4
<b>2006</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,1	3,2	1,8	4,0	-4,2	9,5	-0,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-1,7	0,1	-3,2	-2,6	1,1	-3,6	-1,1
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	-1,7	2,2	-2,1	0,3	-0,8	-4,8	2,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,2	-0,8	23,8	5,7	2,3	3,3	5,8
<b>2007<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	1,2	0,7	-28,0	-8,3	9,2	-3,4	-5,1
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	3,9	7,4	12,8	6,8	2,8	4,5	6,5
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	3,0	-6,2	-0,1	1,2	1,8	-1,3	2,6
4. ársfj. <sup>1</sup> <i>4th quarter<sup>1</sup></i>	1,1	2,8	-11,8	-3,5	12,2	4,7	-1,8
<b>2008<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	-0,5	2,7	-4,7	-0,4	-3,1	-9,7	2,9
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	-8,3	2,0	-11,0	-8,2	2,8	-3,8	-6,0
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	-2,6	-2,1	-2,6	2,0	-2,1	-1,3	1,8
4. ársfj. <sup>1</sup> <i>4th quarter<sup>1</sup></i>	-12,9	3,0	-6,1	-11,1	-4,3	-40,0	3,2
<b>2009<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	-2,0	-0,3	-39,3	-6,0	4,4	14,9	-5,1
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	-1,0	0,8	-2,5	-4,2	1,9	-6,9	-0,4
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	2,8	-4,5	-7,3	-2,1	1,3	12,9	-5,7

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*



**Tafla 5. Hlutdeild í hagvexti 2005–2009**

Table 5. Contributions to growth 2005–2009

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in Inventor<sup>1</sup> Birgða-</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Hlutdeild í hagvexti frá fyrra ársfjórðungi, % % points contributions to growth in GDP from previous quarter</b>							
<b>2005</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,0	1,2	0,3	1,6	1,4	-4,0	2,5
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	2,9	0,4	2,2	-3,8	1,1	-3,7	-0,9
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,3	0,2	4,3	3,0	-1,6	-3,7	3,3
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,9	-0,3	3,2	-1,7	0,1	0,3	2,4
<b>2006</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,7	1,2	-0,9	2,2	-3,6	-0,3	-0,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-1,0	0,0	-1,1	-1,1	0,3	1,8	-1,1
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	-1,0	0,5	-0,7	1,5	-0,2	2,3	2,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,7	-0,2	7,3	-1,2	0,7	-1,5	5,8
<b>2007<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	-0,0	0,1	-9,3	-0,1	6,0	-1,7	-5,1
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	2,3	1,8	3,6	-0,1	1,0	-2,1	6,5
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	1,7	-1,5	-0,0	1,2	0,6	0,6	2,6
4. ársfj. <sup>1</sup> <i>4th quarter<sup>1</sup></i>	0,6	0,6	-3,4	-1,7	4,2	-2,1	-1,8
<b>2008<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	-0,8	0,9	-1,3	0,4	-2,4	6,1	2,9
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	-4,7	0,5	-2,6	-1,7	1,0	1,5	-6,0
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	-1,4	-0,5	-0,6	4,6	-0,8	0,6	1,8
4. ársfj. <sup>1</sup> <i>4th quarter<sup>1</sup></i>	-6,8	0,8	-1,3	-4,0	-1,6	16,3	3,2
<b>2009<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	-0,1	-0,3	-6,7	4,1	9,2	-11,4	-5,1
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	-0,5	0,2	-0,3	-3,3	0,9	2,5	-0,4
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	1,3	-1,2	-1,0	-1,0	0,6	-4,4	-5,7

Skýring Note: Miðað er við árstíðaleiðrétta tölur. Calculated from seasonally adjusted series.

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

**Tafla 6. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2005–2009, árstíðaleiðrétt**Table 6. *Seasonally adjusted annual GDP volume growth 2005–2009*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Raunbreyting frá sama tímabili árið áður, %</b> <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>							
<b>2005</b>	<b>12,7</b>	<b>3,5</b>	<b>35,7</b>	<b>15,7</b>	<b>7,5</b>	<b>29,3</b>	<b>7,5</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	9,8	2,8	26,0	11,6	8,8	22,9	6,3
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	14,6	3,6	26,4	13,0	12,8	29,3	6,5
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	14,4	3,3	48,3	21,9	4,8	37,2	9,7
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	12,0	4,5	40,9	16,1	4,0	27,4	7,4
<b>2006</b>	<b>3,6</b>	<b>4,0</b>	<b>21,6</b>	<b>9,2</b>	<b>-4,6</b>	<b>10,4</b>	<b>4,3</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	11,0	4,2	40,3	15,8	-5,3	27,1	4,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	3,9	2,7	25,0	11,1	-7,4	13,1	3,9
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,1	4,3	6,3	3,4	-3,8	-0,0	3,0
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	-0,2	4,7	19,4	7,4	-1,7	3,9	6,3
<b>2007<sup>1</sup></b>	<b>5,6</b>	<b>4,1</b>	<b>-12,2</b>	<b>-0,4</b>	<b>17,7</b>	<b>-0,7</b>	<b>5,6</b>
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	-1,0	2,1	-15,5	-5,4	11,9	-8,4	1,7
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	4,6	9,5	-1,6	3,8	13,8	-0,8	9,4
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	9,6	0,6	0,4	4,6	16,9	2,8	9,6
4. ársfj. <sup>1</sup> <i>4th quarter<sup>1</sup></i>	9,5	4,2	-28,5	-4,4	28,1	4,2	1,8
<b>2008<sup>1</sup></b>	<b>-7,8</b>	<b>4,6</b>	<b>-20,4</b>	<b>-8,6</b>	<b>7,1</b>	<b>-18,3</b>	<b>1,3</b>
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	7,7	6,3	-5,3	3,9	13,8	-2,5	10,4
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	-4,9	1,0	-25,3	-10,6	13,8	-10,2	-2,6
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	-10,1	5,5	-27,2	-9,9	9,5	-10,2	-3,4
4. ársfj. <sup>1</sup> <i>4th quarter<sup>1</sup></i>	-22,6	5,7	-22,4	-17,1	-6,5	-48,6	1,6
<b>2009<sup>1</sup></b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	-23,7	2,6	-50,6	-21,8	0,7	-34,6	-6,3
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	-17,6	1,4	-45,9	-18,4	-0,2	-36,7	-0,7
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	-13,1	-1,1	-48,5	-21,7	3,1	-27,6	-8,0

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*



**Hagtiðindi** **Þjóðhagsreikningar**  
**Statistical Series** ***National accounts***

94. árg. • 65. tbl. 2009:11

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price* ISK 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Benedikt Hálfðanarson • benedikt.halfðanarson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)